

# Lög ÍBV-íþróttafélags

## 1. gr.

Félagið heitir ÍBV-íþróttafélag, með heimili og varnarþing í Vestmannaeyjum.

## 2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfssemi í Vestmannaeyjum. Félagið leggur metnað sinn í að vera í fremstu röð íslenskra íþróttafélaga og kappkosta að tryggja iðkendum sínum góða aðstöðu, þjálfun og umgjörð. Áhersla skal lögð á jafnrétti í starfi félagsins.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að:

- a) Halda uppi íþróttakennslu fyrir féлага sína.
- b) Standa fyrir og taka þátt í íþróttamótum.
- c) Halda uppi fræðslu um íþróttamál á hvern þann hátt, sem kostur er á hverjum tíma.
- d) Standa fyrir að byggð verði fullkomin íþrótta- og félagsaðstaða.
- e) Halda uppi öflugu og þroskandi félagslífi meðal féлага sinna.
- f) Standa fyrir góðu og vönduðu æskulýðsstarfi þar sem áhersla er lögð á heilbriggt líf og forvarnir.
- g) Leggja áherslu á fagleg og góð vinnubrögð í fræðslu og uppeldisstarfi sínu.
- h) Aðalstjórn skal tryggja að jafnréttisstefna félagsins sé virt.

## 3. gr.

Félagið er myndað af einstaklingum í íþróttadeildum félagsins, sem hafa sameiginlega aðalstjórn. Félagi getur hver sá orðið sem skráður er í félagið og greiðir félags- og æfingagjöld til þess. Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt aðalstjórn eða með tölvupósti á [ibv@ibv.is](mailto:ibv@ibv.is).

Eftirtaldir aðilar eru félagar í ÍBV íþróttafélagi:

- Allir iðkendur í deildum félagsins.
- Heiðursfélagar.
- Aðrir sem greitt hafa árgjald til aðalstjórnar.

## 4. gr.

Innan félagsins skulu vera tvær deildir, handknattleiks- og knattspyrnudeild. Þá er heimilt að hafa innan hvernar deildar sérstök ráð s.s. karla, kvenna og unglíngaráð.

Aðalstjórn skipar deildarstjórnir og ráð og fer með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda. Að jafnaði skal skipa deildarstjórnir og ráð eftir að reglulegu starfstímabil deilda lýkur.

## 5. gr.

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Reikningar skulu liggja endurskoðaðir frammi 7 dögum fyrir aðalfund félagsins.

Fjárhagsreglur:

1. Framkvæmdastjóri er einn með prókúru fyrir félagið og getur einn skuldbundið félagið fyrir hærri fjárhæðir en 1% af veltu deilda í ársreikningi fyrra árs.

2. Framkvæmdastjóri verður að samþykkja með undirritun alla samninga sem félagið gerir og eru til lengri tíma en þriggja mánaða.
3. Framkvæmdastjóri vinnur náið með aðalstjórn og fjárhagsnefnd.
4. Ef deildir, ráð og nefndir eru að gera samninga þar sem mánaðargreiðslur fari yfir 100.000 kr. þarf að leggja fyrir framkvæmdastjóra tekjuáætlun sem sýnir fram á að viðkomandi geti staðið við skuldbindingar sínar. Framkvæmdastjóri getur vísað málinu til fjárhagsnefndar og aðalstjórnar telji hann þess þörf.
5. Hver deild hefur sinn bankareikning. Ef þörf er á skammtíma fjármögnun skal leita til framkvæmdastjóra sem skal athuga hvort möguleiki sé að fjármunir séu til á öðrum stöðum í félaginu. Ef svo er ekki hefur viðkomandi deild möguleika á að fjármagna sig með öðrum leiðum með samþykki framkvæmdastjóra. Deildin skal leggja fram rökstudda áætlun um hvenær og hvernig hún hyggst endurgreiða fjármunina.
6. Ef um stærri framkvæmdir/samninga (3 milljónir) er að ræða þarf samþykki framkvæmdastjóra, aðalstjórnar og fjárhagsnefndar.

## **6. gr.**

Aðalstjórn skal skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum ásamt tveimur varamönnum. Tveir stjórnarmanna skulu koma frá stjórnnum deilda félagsins, annar frá knattspyrnudeild og hinn frá handknattleiksdeild. Þessir stjórnarmenn geta ekki gegnt starfi formanns né gjaldkera.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi félagsins og skal formaður kosinn sérstaklega. Kjörtímabil aðalstjórnar er á milli aðalfunda félagsins.

Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn fyrir félagið.

## **7. gr.**

Aðalstjórn skal ráða sér framkvæmdastjóra til starfa, sem sér um daglegan rekstur félagsins og ber ábyrgð á starfsmannahaldi og bókhaldi félagsins. Aðalstjórn skal einnig ráða sér starfsmann sem sér um að færa bókhald félagsins og vera staðsettur á skrifstofu félagsins.

Aðalstjórn skipar fulltrúaráð sem skal starfa skv. reglugerð, sem samþykkt er á aðalfundi þess. Aðalstjórn skal leggja eftirtalin mál fyrir fulltrúaráðið til umsagnar:

1. Tillögu um félagsslit.
2. Sölu og kaup fasteigna.
3. Byggingaframkvæmdir.
4. Veðsetningu eigna félagsins.
5. Aðrar stórar ákvarðanir er snúa að fjármálum félagsins.

Aðalstjórn gerir tillögu til aðalfundar um reglugerð, sem fulltrúaráð starfar eftir og skal þar m.a. kveða á um aðild að fulltrúaráðinu og verkefni þess.

Fulltrúaráðið getur skotið þeim málum, sem aðalstjórn leggur fyrir það, til aðalfundar eða aukaáðalfundar og er úrskurður fundarins um mál endanlegur (sjá fylgiskjal 1, tillaga að reglugerð fyrir fulltrúaráð ÍBV íþróttafélag).

Aðalstjórn skal skipa fjárhagsnefnd til eins árs í senn á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund. Í nefndinni eiga sæti fimm einstaklingar. Tveir þeirra skulu vera úr aðalstjórn ÍBV. Annar þeirra skal vera gjaldkeri aðalstjórnar og er hann formaður nefndarinnar. Hlutverk fjárhagsnefndar er að veita aðalstjórn, deildum og nefndum félagsins fjárhagslegt aðhald og hefur hún neitunarvald á öllum stærri fjárhagslegum skuldbindingum félagsins.

Aðalstjórn skipar framkvæmdastjórn/mannvirkjanefnd sem hefur umsjón með rekstri íþróttahúsa og íþróttasvæðis félagsins. Nefndin skal skipuð 3-5 aðilum sem skipta með sér verkum á fyrsta fundi nefndarinnar.

Aðalstjórn skipar Þjóðhátíðarnefnd fyrir 1. desember ár hvert, og skal skipan hennar kynnt á aðalfundi félagsins. Nefndin skal skipuð 5-7 aðilum sem skipta með sér verkum á fyrsta fundi nefndarinnar. Þjóðhátíðarnefnd skal halda reglulega fundi og skal halda um það sérstaka gerðabók. Þjóðhátíðarnefnd skal leggja fram fjárhagsáætlun fyrir aðalstjórn, eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Aðalstjórn ber að samræma starfsemi félagsins, vinna að eflingu þess og gæta hagsmuna þess í hvívetna.

Aðalstjórn er málsvari félagsins út á við og skýrir sjónarmið þess á þeim vettvangi.

Aðalstjórn ákveður félagsgjald í upphafi starfstímabils og heldur skrá yfir alla félagsmenn.

Aðalstjórn skal skipa trúnaðarmenn félagsins og þær nefndir sem hún telur nauðsynlegar hverju sinni.

Aðalstjórn er heimilt að víkja mönnum úr félaginu eða setja þá í keppnisbann álitu hún að framkomu þeirra vítaverða og brjóta í bága við anda íþróttahreyfingarinnar.

Aðalstjórn skal halda stjórnarfundi reglulega og minnst einu sinni í mánuði og skal halda um þá sérstaka gerðabók. Enga fullnaðarákvörðun getur aðalstjórn tekið nema með samþykki meirihluta aðalstjórnarmanna.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess.

## **8. gr.**

Aðalstjórn skal ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári halda fundi með stjórn knattspyrnu- og handknattleiksdeilda. Þar skulu ákvarðanæir aðalstjórnar kynntar og stefnumarkandi ákvarðanir ræddar. Þessir fundir skulu skráðir í gerðabók aðalstjórnar.

## **9. gr.**

Aðalfundur félagsins er æðsta vald félagsins. Hann skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með minnst tveggja og mest fjögurra vikna fyrirvara í almennri auglýsingu í Vestmannaeyjum. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir félagsmenn skv. 3. gr. ~~sem~~ og náð hafa 16 ára aldri.

Tillögur að lagabreytingum skulu berast til aðalstjórnar minnst viku fyrir boðaðan aðalfund. Allar tillögur er varða meiriháttar breytingu á starfsemi félagsins skulu jafnframt berast aðalstjórn með sama fyrirvara. Geta skal þess í fundarboði að þessar tillögur skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins til kynningar fyrir félagsmenn viku fyrir aðalfund. Endurskoðaðir ársreikningar deilda og félagsins í heild sinni skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund til kynningar fyrir félagsmenn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Fundur settur
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
3. Flutt skýrsla aðalstjórnar og einstakra deilda eða ráða frá síðasta ári.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar og einstakra deilda eða ráða ásamt heildarreikningi fyrir allt félagið.
5. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu aðalstjórnar, deilda og reikninga.
6. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs fyrir félagið og deildir.
7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum sem löglega eru fram komnar.
8. Aðrar tillögur sem borist hafa stjórn eða aðalfundi með löglegum hætti, umræður.
9. Afgreiðsla á fyrirbyggjandi tillögum.
10. Kosning stjórnar.

11. Kosning tveggja skoðunarmanna.
12. Önnur mál
13. Fundarslit

#### **10. gr.**

Á aðalfundi ræður meirihluti greiddra atkvæða úrslitum mála. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breyta lögum félagsins, veita aðalstjórn heimild til að selja eða veðsetja fasteignir og til að leggja félagið niður. Slíkar tillögur má einungis bera fram á aðalfundi félagsins eða almennum fundi sbr. 11. gr., enda hafi þær borist aðalstjórn minnst tveimur vikum fyrir fund. Heimilt er að taka mál á dagskrá aðalfundar með samþykki 2/3 hluta fundarmanna, þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir því í dagskrá fundarins, svo fremi að ekki sé um að ræða lagabreytingar eða mál er varða meiriháttar breytingar á starfsemi félagsins.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef þess er óskað. Falli atkvæði jöfn skal endurtaka atkvæðagreiðsluna einu sinni. Verði aftur jafnt skal varpa hlutkesti.

Verði tillaga um félagsslit samþykkt á aðalfundi eða almennum félagsfundi skal boðað til framhaldsaðalfundar eða nýs félagsfundar eftir minnst tvær vikur en innan fjögurra vikna. Komi til félagsslita skulu atkvæðisbærir félagsmenn taka ákvörðun um ráðstöfun eigna og tekna félagsins og skal ráðstafa því til íþrótta- og æskulýðsmála innan Vestmannaeyja.

#### **11. gr.**

Aðalstjórn skal boða til almenns félagsfundar ef:

- 1) meirihluti aðalstjórnar telur þörf krefja
- 2) minnst 1/10 hluti atkvæðisbærra félagsmanna krefst þess skriflega eða
- 3) félagsslit hafi verið samþykkt á aðalfundi eða almennum félagsfundi sbr. 10 gr.

Almennur félagsfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað skv. 9. gr. Í fundarboði skal þess skýrt getið hvaða málefni fundinum er ætlað að fjalla um. Ekki er heimilt að afgreiða aðrar tillögur eða málefni á almennum félagsfundi en getið er í fundarboði.

Almennur félagsfundur skal haldinn minnst tveimur vikum og mest fjórum vikum frá því að lögmat krafa kom fram um að fundur skuli haldinn.

Almennur félagsfundur er lögmat er minnst fjórðungur atkvæðisbærra félagsmanna sækir fundinn. Nú telst fundur ekki lögmat vegna þessa og skal þá boða til nýs fundar með sama hætti og áður. Skal tekið fram í fundarboðinu að til fundarins sé boðað öðru sinni. Telst sá fundur lögmat óháð því hversu mikil fundarsókn er.

#### **12. gr.**

Meginlitur búninga félagsins er hvítur. Aðalstjórn er heimilt að leyfa undantekningar s.s. að aukalítt sé bætt við. Aðalstjórn skal setja reglugerð um gerð búninga, sem hafi að geyma leiðbeinandi reglur um hvaða undantekningar verði samþykktar.

#### **13. gr.**

Merki félagsins er merki Íþróttabandalags Vestmannaeyja. Merkið er svartur bogadreginn þríhyrningur með hvítum stöfum ÍBV ásamt þremur hvítum bárum aðgreindum frá stöfum með hvítu bogadregnu striki. Þá er hvít rönd dregin eftir jaðri merkisins.

ÍBV-íþróttafélag er meðlimur í Íþróttabandalagi Vestmannaeyja. Félagið nýtur þeirra réttinda og ber þær skyldur sem kveðið er á um í lögum Íþróttabandalags Vestmannaeyja.

#### **14. gr.**

Aðalstjórn skal setja sérstaka reglugerð um veitingar viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

**15. gr.**

Með lögum þessum falla eldri lög félagsins úr gildi. Um þau atriði sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum Í.S.Í, eftir því sem við getur átt.